

18. apríl 2017

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti
150 Reykjavík

Efni: Umsógn UNICEF á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar.

UNICEF á Íslandi fagnar því að fram sé komin framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar og lýsir ánægju með þær áherslur sem þar birtast. UNICEF á sæti í ráðgjafahópi sem skipaður var við gerð framkvæmdaáætlunarinnar. Einn fundur var haldinn með ráðgjafahópnum í maí 2016.

Á fundi ráðgjafahópsins lagði UNICEF áherslu á að kynna þyrfti barnavernd betur fyrir fagaðilum, almenningi og börnum, svo sem í skólum eða á opnu húsi barnaverndar hvers sveitarfélags. Þá þyrfti að tryggja aðgengi og gæði þjónustunnar um allt land, svo jafnræði ríkti á meðal barna. Auka þyrfti upplýsingasöfnun um ofbeldi og misnotkun gegn börnum og auka aðgengi að upplýsingum. Aftur á móti væri ekki fullnægjandi að safna eingöngu upplýsingum um tíðni ofbeldis, heldur þyrfti jafnframt að greina eðli ofbeldisins.

Þá væri afar mikilvægt að tryggja að allir sem starfi við barnavernd fái fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindi barna. Samkvæmt þeim sáttmála ætti til dæmis að tryggja þátttöku barna við gerð framkvæmdaáætlunarinnar. Að lokum benti UNICEF á nauðsyn þess að kostnaðargreina allar tillögur sem fram kæmu, ásamt því að fjármögnun allra verkefna væri tryggð.

UNICEF ítrekar nú mikilvægi þessara atriða.

Gildistími framkvæmdaáætlunarinnar er afar stuttur, þar sem áætlunin kemur seint fram og gildir aðeins fram að næstu reglulegu sveitastjórnarkosningum. UNICEF bendir á mikilvægi þess að gerð sé heildstæð áætlun um barnavernd og að slík áætlun sé gerð óháð sveitastjórnarkosningum, enda skila sveitastjórnir inn eigin framkvæmdaáætlunum til ráðuneytisins. Heildstæð áætlun ætti m.a. að taka mið af vinnu stýrihóps stjórnvalda um aðgerðir gegn ofbeldi. Þá tekur UNICEF undir þau sjónarmið að hugað verði sérstaklega að réttindum fatlaðra barna, sem rannsóknir hafa sýnt að búi við meiri hættu á misnotkun og ofbeldi en önnur börn.

Virðingarfyllt,



Bergsteinn Jónsson
Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi
bergsteinn@unicef.is
S: 552 6364 / 615 4049